

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Afrit sent með tölvubréfi á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 4. nóvember 2010

Umsögn Ólafs Barkar Þorvaldssonar hæstaréttardómara um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þingskjal 10 - 10. mál.

Með bréfi frá nefndasviði Alþingis til Hæstaréttar 19. október 2010 var óskað eftir að hver dómari réttarins skilaði sérstöku álitum um framangreint frumvarp og verð ég við þeirri ósk.

Helstu rökin fyrir breytingu á 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 meðferð einkamála, og eftir atvikum 209 gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, koma fram í athugasemdum með frumvarpinu. Óþarfi er að tíunda þau frekar í þessu svari. Í stuttu máli sýnist mér að hér skuli lögð sú skylda á Hæstarétt að birta dóma þannig að utanaðkomandi sjái hver hafi verið frummælandi í hverju máli fyrir sig.

Hæstiréttur ætti að óbreyttum lögum að geta birt atkvæði í hverju máli með öðrum hætti en tíðkast hefur. Það er að birta atkvæðið eins og það er fært í dómabók réttarins, þannig að fram komi hver hafi verið frummælandi og hverjir hafi verið samþykkir atkvæðinu.

Það er mín skoðun að sá dómari er ritar nafn sitt sem samþykkur atkvæði frummælanda, án frekari fyrirvara, á að hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að hann sé sammála hverju því orði atkvæðisins sem að hans mati skiptir einhverju máli að lögum. Undirritunin er yfirlýsing um þá afstöðu dómarans. Annars ber viðkomandi dómara að skila sératkvæði eða gera sérstaka athugasemd, svokallað sérálit, sem felld er í atkvæði meirihluta dómsins. Um hið fyrrnefnda eru fjölmörg dæmi sem óþarfi er að tíunda hér. Um hið síðargreinda eru dæmi færri en nefna má dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 546/2009. Þá er dómur Hæstaréttar 11. júní 2009 í máli nr. 666/2008 dæmi um að mismunandi skoðanir dómara leiddu til þriggja atkvæða, þó þannig að tvö þeirra voru samhljóða um niðurstöðu. Er slík aðferð í samræmi við frumvarp það sem hér um ræðir. Ég ætla að sumir hafi þá skoðun að dómarar Hæstaréttar mættu temja sér í meira mæli þá aðferð að láta koma fram í atkvæði ágreining um ýmis smærri atriði sem ekki ráða niðurstöðu máls. Lagabreyting í þá veru sem frumvarpið gerir ráð fyrir ætti á hinn bóginn ekki að hafa mikla þýðingu um þau atriði sem máli skipta, fylgi dómarar þeirri skyldu sinni að láta ágreining sem þýðingu hefur að lögum koma fram í dómum réttarins.

Niðurstaðan er því sú að það verður ætíð undir hverjum einstökum dómara komið að meta hvernig hann telur sér skylt að haga atkvæði sínu í smáu sem stóru. Frumvarpið breytir engu þar um, en þær reglur sem þar greinir má að skaðlausu færa í lög.



Ólafur Þorvaldsson